

Elo gegn Finnlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 30742/02

6 gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til munnlegrar málsmeðferðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Jani Matti Kalevi Elo, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1974 og búsettur í Rauma í Finnlandi. Hann starfaði sem plötusmiður en varð fyrir vinnuslysi í október 1996, og meiddist á hælum og fótleggjum. Í júní 2000 flokkaði tryggingafélagið, sem hafði greitt kæranda bæt看 vegna slyssins, örorku hans sem 3. stigs örorku. Kærandi kvartaði til örorkunefndar og hélt því fram að bæturnar ættu að miðast við 7. stigs örorku. Þessu til stuðnings framvísaði hann læknisvottorðum. Þá fór kærandi fram á að málið væri rekið munnlega fyrir nefndinni en þeirri beiðni var hafnað, með þeim rökum að málsmeðferð fyrir nefndinni væri að jafnaði skrifleg. Kærandi kærði ákvörðun nefndarinnar um að meta skyldi örorku hans sem 3. stigs örorku til dómstóls í tryggingamálum. Þar óskaði hann enn eftir því að málsmeðferð færi munnlega fram, enda taldi hann slíkt nauðsynlegt þar sem meiðsli hans væru sérstaks eðlis og féllu utan hefðbundins örorkustigamats. Því var hafnað á grundvelli þeirrar meginreglu að mál fyrir dómnum væru flutt skriflega, auk þess sem ekki þótti þörf á munnlegum málflutningi eða vitnisburði vegna þessa tiltekna máls. Mat á örorku væri tæknilegs eðlis og byggt á læknisfræðilegum upplýsingum en ekki persónulegri reynslu kæranda. Því væri engin þörf á að hann kæmi fyrir dóminn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn með því að honum var neitað um að flytja mál sitt munnlega fyrir dómi og leiða fram vitni. Studdist kærandi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að reglan um opinbera málsmeðferð fæli almennt í sér að málsmeðferð skyldi fara fram munnlega, en sú regla væri þó ekki fortakslaus. Það var álit dómstólsins að við sérstakar aðstæður væri heimilt að hafna beiðni aðila um munnlega málsmeðferð. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort réttlæt看legt hefði verið að málsmeðferð væri eingöngu skrifleg í þessu tilviki. Það færi mjög eftir eðli þess máls sem væri lagt fyrir dómstóla hvort munnleg málsmeðferð væri nauðsynleg. Litið var til þess að ágreiningur vegna örorkubóta væri fremur tæknilegur og niðurstaðan iðulega byggð á skriflegu álitu lækna. Því gæti skilað betri árangri að slíkt mál væru eingöngu rekin skriflega, auk þess sem slíkt stuðlaði að aukinni hagkvæmni og skilvirkni. Álitamálið var því hvort munnlegur framburður kæranda og lækna hans hefði leitt eitthvað í ljós, sem ekki kom fram í skriflegum gögnum. Þar sem ekki væri ætlast til að persónulegir hagir öryrkja breyttu nokkru um örorkumat þeirra, væri eingöngu byggt á læknisfræðilegum gögnum og vottorðum. Mat úrskurðarnefndarinnar og dómstólsins byggðist því á fyrirliggjandi skriflegum gögnum og ekki varð séð að munnlegur vitnisburður hefði breytt nokkru um niðurstöðu málsins. Það var álit dómstólsins að örorkunefndin og tryggingadómstóllinn hefðu getað leyst úr málinu á fullnægjandi hátt á grundvelli þeirra gagna sem kærandi og læknar hans höfðu lagt fram. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn kringumstæður með þeim hætti að réttlæt看legt hefði verið að málsmeðferð væri eingöngu skrifleg.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.